

2016



Kirkjubæjarstofa

Þekkingarsetur á Klaustri

Menntun – Menning - Rannsóknir

Þekkingarsetrið mun „verða lyftistöng fyrir byggðarlagið, skapa störf beint og óbeint og verða viðkomustaður heimamanna jafnt sem gesta, enda verður þar samankomin á einum stað opinber þjónusta, fræðslu- og listasýningar, veitingasala og ýmiss önnur þjónusta.“

Úr frumathugun Framkvæmdasýslu ríkisins 2013.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Niðurstöður byggðar á greiningu á starfsemi Kirkjubæjarstofu	3
Tillögur.....	4
Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri	4
Hugmyndafræði.....	4
Samstarfsaðilar.....	5
Skipurit – Framtíðarsýn – staða Kirkjubæjarstofu.....	6
Viðauki: Greining á starfsemi Kirkjubæjarstofu	7
Markmið og hlutverk.....	7
Starfsemi.....	8
Fjölbreytt verkefni.....	9
Ráðstefnur, málþing og fræðsludagskrár.....	14
Sýningar.....	15
Fræðsla og menningarefni – útgáfa	15
Önnur verkefni	15
Rekstur.....	16
Stjórn	16
Starfsfólk.....	17
Húsnæði.....	17

Inngangur

Forstöðumaður Kirkjubæjarstofu óskaði eftir því við R3-Ráðgjöf ehf. að skýrsla fyrirtækisins frá 2010; *Kirkjubæjarstofa – Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri*, yrði endurskoðuð og uppfærð með tilliti til ýmissa þátta.

Undir forystu Kirkjubæjarstofu og Skaftárhrepps hefur verið unnið eftir tillögum skýrslunnar um undirbúning þess að byggja upp þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Fjöldi stofnana, fyrirtækja og einstaklinga hefur tekið þátt í þeirri vinnu.

Í þeirri samantekt sem hér er lögð fram er áfram unnið á grundvelli tillagna frá 2010, með megin áherslu á:

- að Kirkjubæjarstofa hljóti formlega viðurkenningu sem rannsókn- og menningarsetur, eflist sem þekkingarsetur og leiði samstarf margra aðila innan þess. Fjármögnun Kirkjubæjarstofu sem formlegt þekkingarsetur verði tryggð.
- að Kirkjubæjarstofa fyrir hönd Skaftárhrepps hafi forystu um áframhaldandi viðræður við ríkisvaldið um að tryggja húsnæði fyrir þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri.

Áform um byggingu gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs tóku breytingum á fyrri hluta ársins 2016. Í framhaldi af úttekt Landráðs (Bjarni Reynarsson) og greiningarvinnu sem ARKÍS arkitektar unnu fyrir Framkvæmdasýslu ríkisins var valin ný staðsetning fyrir gestastofuna á Sönghól sunnan við Skaftá, með göngubru yfir Skaftá. Af hálfu yfirvalda Vatnajökulspjóðgarðs er ekki lengur opið fyrir þann möguleika að byggt verði sameiginlegt hús yfir fjölbreytta þekkingarstarfsemi á Kirkjubæjarklaustri; þekkingarsetur. Ekki er því lengur gert ráð fyrir að gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs verði hluti af þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri enda fellur breytt staðsetning gestastofunnar ekki að þörfum hagsmunaaðila að uppbyggingu þekkingarseturs.

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi tvö hugtök notuð í eftirfarandi merkingu:

Rannsókn- og menningarsetur

Stofnun sem byggir á traustum fjárhagsgrunni, starfar á skýrt afmörkuðum sérsviðum og tengist öðrum rannsókn- og menningarsetrum á formlegan eða óformlegan hátt.

Þekkingarsetur

Samstarfsvettvangur margra aðila sem starfa að rannsóknum, fræðslu og menningu og stuðla að eflingu búsetu og atvinnulífs með því meðal annars að fjölga störfum fyrir háskólamenntað fólk.

Í október 2016,
R3-Ráðgjöf ehf.
Gísli Sverrir Árnason

Niðurstöður byggðar á greiningu á starfsemi Kirkjubæjarstofu

- Starfsemi Kirkjubæjarstofu er mjög mikilvægur þáttur í byggðapróun í Skaftárhreppi og á stóran þátt í uppbyggingu á sviði mennta- og menningarmála í sveitarfélaginu.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur lagt áherslu á aukið samstarf Kirkjubæjarstofu og Nýheima, þekkingarseturs á Hornafirði, auk fleiri aðila á Suðaustur- og Suðurlandi. Vinna við mótun samstarfsverkefna þessara aðila er hafin en til þess að hægt sé að sinna fyrirhuguðum verkefnum þarf Kirkjubæjarstofa að fá til þess fjárhagslegan stuðning.
- Nauðsynlegt er að tryggja betur framtíðarstarfsemi Kirkjubæjarstofu með rekstrarsamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er þar vísað til fordæmis um samninga við önnur sambærileg þekkingar-, fræða- og menningarsetur á landsbyggðinni.
- Uppbygging *Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri* er einstaklega vel til þess fallin að styrkja atvinnulíf og samfélag í Skaftárhreppi sem átt hefur undir högg að sækja að undanförunu vegna fækkunar íbúa og samdráttar í hefðbundnum landbúnaði. Á síðastliðnum 25 árum hefur íbúum hreppsins fækkað úr 612 í 470 eða um fjórðung.
- Skaftárhreppur er eitt af sjö byggðarlögum þar sem Byggðastofnun vinnur að verkefninu „Brothættar byggðir“ í samstarfi við íbúa og stofnanir heima fyrir. Verkefnið í Skaftárhreppi nefnist „Skaftárhreppur til framtíðar“. Markmiðið með verkefninu Brothættum byggðum er m.a. að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra. Í febrúar 2016 færðist umsjón verkefnisins frá SASS til Kirkjubæjarstofu. Verkefnið er fjármagnað af Byggðastofun og SASS. Verkefnisstjóri þess er starfsmaður Kirkjubæjarstofu.
- Ferðaþjónusta sem byggir á einstakri náttúru, sögu og menningu svæðisins er nú helsti vaxtarbroddur atvinnulífs í hreppnum. Fjölbreytt starfsemi í þekkingarsetri mun styðja við uppbyggingu ferðaþjónustunnar á ýmsan hátt og skapa sóknarfæri til heilsársstarfsemi.
- Margvísleg menningar- fræðslu- og þekkingarstarfsemi, ásamt listsýningum, verður einnig ómetanlegur stuðningur við innviði samfélagsins og treystir byggðina í Skaftárhreppi.

Kirkjubæjarstofa. Þekkingarsetur á Klaustri

Tillögur

Nr.	Tillaga	Útfærsla
1.	Kirkjubæjarstofa verði viðurkenndur hluti af keðju sjálfstæðra rannsókna- og menningarsetra.	Leitað verði samstarfs við rannsóknasetur HÍ á Hornafirði og Suðurlandi auk Háskólafélags Suðurlands um eflingu rannsóknastarfs á Kirkjubæjarstofu.
2.	Rekstrargrundvöllur Kirkjubæjarstofu verði treystur með öllum ráðum.	Með samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti og aðra opinbera aðila verði Kirkjubæjarstofu tryggt öruggt rekstrarfé.
3.	Staða Kirkjubæjarstofu sem þekkingarsetur verði staðfest formlega.	Í samstarfssamningi Skaftárhrepps, Háskólafélags Suðurlands og fleiri aðila verði hlutverk Kirkjubæjarstofu sem samstarfsvettvangur í rannsóknum, menningu, símenntun og öðrum þáttum skilgreint.
4.	Kirkjubæjarstofu verði falið að annast umsýslu og framkvæmd menningarstarfs og viðburða á vegum sveitarfélagsins.	Gerður verði samningur milli sveitarfélagsins og Kirkjubæjarstofu um þessi verkefni og greiðslur vegna umsýslu þeirra.
5.	Kirkjubæjarstofa ásamt Skaftárhreppi leiði viðræður við ríkisvaldið um uppbyggingu húsnæðis fyrir þekkingarsetur.	Farið verði fram á formlegar viðræður við ríkisvaldið um uppbygginguna.

Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

Hugmyndafræði

Hugmyndin að verkefninu varð til í framhaldi af greinargerðinni *Kirkjubæjarstofa - Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri* sem R3-Ráðgjöf ehf. vann fyrir stjórn Kirkjubæjarstofu í febrúar 2010. Kirkjubæjarstofa leiddi verkefnið í upphafi þess. Stofnaður var samstarfshópur með þátttöku yfir 20 aðila og síðar tók framkvæmdaráð um verkefnið við því að vinna að framgangi þess.

Ætlunin er að í þekkingarsetrinu verði fjölbreytt miðlun fræðslu og upplýsinga um náttúru, sögu og menningu svæðisins, sem eru meginstoðir vaxandi ferðaþjónustu. Þar verði listatengd starfsemi einnig í hávegum höfð. Önnur sameiginleg markmið lúta að því að auka og efla möguleika á samstarfi, bæta starfsaðstöðu núverandi samstarfsaðila og búa í hagin fyrir þá sem síðar bætast við. Einnig að störfum háskólamenntaðs fólks á svæðinu fjölgi. Samstarfsaðilar að verkefninu hafa lagt fram mikla grunnvinnu í að móta hugmyndina og hafa þeir innan sinna raða fagfólk á ýmsum sviðum. Fyrirhuguð staðsetning miðsvæðis í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri og hugmyndafræðin að baki verkefninu verður ómetanlegur stuðningur við byggðapróun og atvinnulíf í sveitarfélaginu til framtíðar.

Kirkjubæjarstofa. Þekkingarsetur á Klaustri

Verkefnið *Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri* miðaði í upphafi að því að sameina undir einu þaki gestastofu vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, Errósetur – listamiðstöð, starfsemi Kirkjubæjarstofu, skrifstofur Skaftárhrepps og starfsemi fleiri aðila og koma þannig upp öflugri miðstöð rannsókna, fræðslu og upplýsingamiðlunar á Kirkjubæjarklaustri. Aðrir aðilar sem óskað hafa eftir starfsaðstöðu á setrinu eru m.a. Háskóli Íslands, Háskólafélag Suðurlands og Katla jarðvangur og Náttúrustofa Suðausturlands. Auk þeirra er fjöldi fyrirtækja, stofnana og einstaklinga sem hefur áhuga á að taka þátt í verkefninu.

Vegna áforma núverandi yfirvalda Vatnajökulsþjóðgarðs um byggingu gestastofu þjóðgarðsins, án samstarfs við hagsmunaaðila þekkingarsetursins, þarf að hugsa fjármögnun og staðsetningu setursins innan þéttbýlisins á Kirkjubæjarklaustri upp á nýtt og finna nýjar leiðir.

Samstarfsaðilar

Eftirtaldir aðilar hafa tekið þátt í undirbúningi að stofnun og starfsemi þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri:

Búnaðarsamband Suðurlands.	Minjastofnun Íslands/minjavörður Suðurlands.
Errósetur – undirbúningshópur.	Náttúrustofa Suðausturlands.
Eldhugar innan Háskóla Íslands.	Nýheimar/Sveitarfélagið Hornafjörður.
Ferðamálafélag Skaftárhrepps.	Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði.
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi.	Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi.
Friður og frumkraftar.	Skaftáreldar ehf.
Háskólafélag Suðurlands ehf.	Skaftárhreppur.
Katla jarðvangur.	Skógasafn.
Kirkjubæjarskóli.	Sóknarprestur Kirkjubæjarklausturs- prestakalls.
Kirkjubæjarstofa.	Stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands.
Kötlusetur/Mýrdalshreppur.	Suðurlandsskógar.
Landgræðslan.	Þjóðminjasafn Íslands.
Laxfiskar.	Vatnajökulsþjóðgarður.
Menningarráð Suðurlands og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.	Velunnarar Skaftárhrepps.

Hér er ekki getið beinna ferðaþjónustufyrirtækja en þau eru mörg hver afar áhugasöm um samstarf og er ástæða til að tengja þau umræðunni á seinni stigum.

Kirkjubæjarstofa. Þekkingarsetur á Klaustri

Skipurit - Framtíðarsýn - staða Kirkjubæjarstofu

Með þessari mynd er gerð tilraun til þess að lýsa því hvernig starfsemi Þekkingarseturs á Klaustri getur sameinað margvíslega starfsemi sem höfðar til heimafólks og ferðamanna en styður einnig við eflingu byggðarinnar á mörgum sviðum.



Viðauki: Greining á starfsemi Kirkjubæjarstofu

Sjálfseignarstofnunin Kirkjubæjarstofa var stofnuð árið 1997 og tók til starfa 1. júlí sama ár. Komið var upp aðstöðu fyrir starfseminu í gamla gistihúsinu á Kirkjubæjarklaustri að Klausturvegi 2. Einkahlutafélagið Eldvilji ehf. er eigandi hússins og leigir út skrifstofuhúsnæði til þeirra stofnana sem hafa aðsetur í húsinu. Eigendur Eldvilja ehf. eru Bær hf. sem á 40%, Kirkjubæjarstofa sem er eigandi að 40% hlut og Skaftárhreppur sem á 20%.

Kirkjubæjarstofa var stofnuð sem rannsókn- og menningarsetur á Kirkjubæjarklaustri að frumkvæði dugmikilla heimamanna með dyggum stuðningi nokkurra áhugasamra vísindamanna sem hafa stundað hluta af rannsóknum sínum á vettvangi í héraðinu. Telja þessir frumkvöðlar að náttúra og saga héraðsins sé um margt svo sérstæð að full ástæða sé til að hafa þar aðstöðu til að tengja störf vísindafólks enn sterkari böndum við héraðið og skapa um leið betri aðstöðu til að kynna hina sérstæðu náttúru og sögu fyrir gestum héraðsins. Stofnaðilar að Kirkjubæjarstofu voru Skaftárhreppur, stofnanir, fyrirtæki og félag sem vildu styðja stofuna í samræmi við skipulagsskrá hennar.

Markmið og hlutverk

Kirkjubæjarstofa er rannsókn- og fræðastofnun samkvæmt skipulagsskrá hennar. Markmið og hlutverk stofunnar er:

- a) að stunda rannsóknir og hafa forystu um uppbyggingu og þróun á margvíslegu þekkingarstarfi í Skaftárhreppi og nágrenni,
- b) að eiga samstarf um starfsemi og húsnæði við þá aðila sem vinna að rannsóknum og fræðslu á svipuðum sviðum og Kirkjubæjarstofa,
- c) að safna saman gögnum um náttúru, menningu og sögu héraðsins,
- d) að stuðla að rannsóknum á öllum sviðum hinnar fjölbreyttu og sískapandi náttúru héraðsins,
- e) að styrkja, með nútímalegri upplýsingamiðlun, stöðu héraðsins sem náttúrulegs sýningarsvæðis í eldvirkni, landeyðingu og uppgræðslu, jökulmyndunum og hinni öru landmótun, vegna þess hve auðsæ þessi einkenni eru,
- f) að kynna sérstæða menningu og sögu sem mótuð er af sambúð íbúanna við óblíð náttúruöfl og stórbrotið umhverfi,
- g) að rannsaka umhverfisáhrif ferðapjónustu í héraðinu og stuðla að góðri umgengni ferðamanna. Tengja saman ferðapjónustu og umhverfisvernd og stefna þannig að sjálfbærri þróun ferðapjónustu í héraðinu.

Markmið starfseminnar er því að efla og styðja rannsóknir og fræðslu um náttúruferðir, sögu og menningu héraðsins. Lögð er áhersla á að starfsemin sé í fullu samræmi bæði við áherslur í stefnumörkun sveitarfélagsins og kröfur og aðstæður í nútíma upplýsinga- og þekkingarþjóðfélagi. Kirkjubæjarstofa hyggst einnig með starfsemi sinni stuðla að auknu streymi ferðafólks í héraðið og lengingu á viðverutíma þess.

Kirkjubæjarstofa. Þekkingarsetur á Klaustri

Starfsemi

Stofnanir sem eru með starfsemi á Klausturvegi 2 haustið 2016 eru eftirfarandi:

Kirkjubæjarstofa

Við Kirkjubæjarstofu starfa forstöðumaður í hlutastarfi, verkefnastjóri í hlutastarfi við skráningu menningarminja, verkefnisstjóri Skaftárhrepps til framtíðar og starfsmaður í hlutastarfi við ræstingu. Kirkjubæjarstofa hefur umsjón með sameiginlegum skrifstofurekstri stofnana á Klausturvegi 2. Í því felst m.a. að sjá um húsvörslu, ræstingu, sameiginlega kaffistofu, innkaup á búnaði, pappír og öðrum rekstrarvörum og innheimtu á sameiginlegum kostnaði stofnana í húsinu.

Vatnajökulspjóðgarður

Þjóðgarðsvörður, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar. Skrifstofur og geymslur.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Sauðfjárræktarráðunautur sem starfar á landsvísu.

Búnaðarsamband Suðurlands

Tveir starfsmenn í bændabókhaldi, hlutastörf.

Friður og frumkraftar – hagsmunafélag atvinnulífs í Skaftárhreppi

Verkefnastjóri.

Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi og Háskólafélag Suðurlands

Námsver, kennslustofa og fjarfundabúnaður fyrir endur- og símenntun.

Katla jarðvangur

Verkefnisstjóri jarðvangsins er ekki með aðsetur eins og er á Kirkjubæjarklaustri, vegna búsetu starfsmanns, en vinnuaðstaða er til staðar eftir þörfum.

Náttúrustofa Suðausturlands

Einn starfsmaður, náttúru- og umhverfisfræðingur.

Aðrar stofnanir og fyrirtæki sem hafa verið með aðstöðu á Kirkjubæjarstofu:

Landnot ehf. Teiknistofa, ráðgjöf og þjónusta. Stofnuð 2003, nú staðsett á Hellu.

Teiknistofa landslagsarkitekts. Var á Kirkjubæjarstofu 2005-2007.

Skrifstofa Skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps. Var á Kirkjubæjarstofu 2002-2003.

Landgræðslan, héraðssetur 1998-2010.

Suðurlandsskógar, starfsstöð verkefnastjóra á Suðausturlandi 2006-2015.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands Hornafirði. Verkefnastjóri 2008-2010.

Kirkjubæjarstofa. Þekkingarsetur á Klaustri

Fornleifafræðistofan. Var með vinnuáðstöðu á vegum Kirkjubæjarstofu 2002-2006 vegna fornleifarannsóknna á nunnuklaustrinu á Kirkjubæ.

Í skjóli Kirkjubæjarstofu hefur þróast öflugt starfsumhverfi háskólamenntaðra starfsmanna í gamla gistihúsinu á Kirkjubæjarklaustri sem hýsir starfsemi Kirkjubæjarstofu, meðal annars á sviði landbúnaðar, landgræðslu og skógræktar, náttúruverndar, ferðamála og landfræðilegra upplýsinga. Þarna hefur þróast það sem nú kallast þekkingarsetur, staður þar sem þeir sem starfa að þekkingarstörfum deila saman kjörum. Kirkjubæjarstofa hefur séð um þessa starfsemi á sama hátt og forstöðumenn þekkingarsetra gera annars staðar. Opinber viðurkenning hefur þó ekki fengist vegna þessa hlutverks en starfsemin og samstarfið sem af henni leiðir er afar mikils virði fyrir byggðarlagið.

Kirkjubæjarstofa hefur því frá upphafi unnið á sama hátt og þekkingarsetur gera nú þar sem þau eru starfrækt, stofnað sjálf til verkefni, hvatt til verkefna og samræmt verkefni annarra. Eins og sjá má af upptalningunni hér að neðan eru þessi verkefni ákaflega mörg og margvísleg. Segja má að Kirkjubæjarstofa hafi verið umsvifamikili þekkingarsetur löngu áður en slík setur voru viðurkennd sem þýðingarmikill hluti af styrkingu byggða hér á landi.

Fjölbreytt verkefni

Kirkjubæjarstofa hefur beitt sér fyrir fjölmörgum rannsóknum og öðrum verkefnum á starfssviði sínu eða tengst þeim á annan hátt. Hér verða aðeins nokkur helstu verkefni nefnd:

Verkefnið Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

Verkefnið *Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri* miðaði áður að því að sameina undir einu þaki gestastofu vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, Errósetur – listamiðstöð, starfsemi Kirkjubæjarstofu og skrifstofur Skaftárhrepps og koma þannig upp öflugri gestastofu, þekkingarsetri og upplýsingamiðlun á Kirkjubæjarklaustri. Aðrir aðilar sem óskað hafa eftir starfsaðstöðu á setrinu eru m.a. Háskóli Íslands, Háskólafélag Suðurlands og Katla jarðvangur.

Hugmyndin að verkefninu *Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri* varð til í framhaldi af greinargerðinni *Kirkjubæjarstofa - Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri* sem R3-Ráðgjöf ehf. vann fyrir stjórn Kirkjubæjarstofu í febrúar 2010. Kirkjubæjarstofa leiddi verkefnið í upphafi þess. Stofnaður var samstarfshópur og síðar verkefnisstjórn hagsmunaaðila og framkvæmdaráð um verkefnið sem vann að framgangi þess.

Í kjölfar Grímsvatnagossins vorið 2011 var hugmyndinni komið á framfæri við stjórnvöld og var hún kynnt á ríkisstjórnarfundum þann 3. júní 2011. Þrjátíu milljónir fengust á fjárlögum 2012 til að hefja hönnun setursins. Í ársbyrjun 2013 undirritaði þáverandi umhverfisráðherra samning við Framkvæmdasýslu ríkisins um byggingu þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri. Í framhaldi af því var stofnaður stýrihópur ofangreindra aðila ásamt Vatnajökulsþjóðgarði til að vinna forathugun vegna verkefnisins og skilaði hann skýrslu í október 2013. Verkefninu hafði þá verið frestað af nýrri ríkisstjórn. Haustið 2014 skipaði þáverandi umhverfisráðherra þingmannanefnd til að fara í saumana á verkefninu. Nefndin skilaði skýrslu í desember 2014,

Kirkjubæjarstofa. Þekkingarsetur á Klaustri

en hún hefur ekki verið gerð opinber. Fimmtán milljónir króna voru merktar verkefninu á fjárlögum 2015.

Endur- og símenntun í Skaftárhreppi

Námsver Kirkjubæjarstofu tók til starfa haustið 2013. Samstarf er við Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi og Háskólafélag Suðurlands um að leita leiða til að efla símenntun og aðra fræðslustarfsemi í Skaftárhreppi.

Skaftárstofa – upplýsingamiðlun og fræðslusýning á Kirkjubæjarklaustri. Gestastofa

Um er að ræða samstarfsverkefni Kirkjubæjarstofu, Vatnajökulspjóðgarðs, Skaftárhrepps, Skaftárelda ehf., Friðar og frumkrafta – hagsmunafélags atvinnulífs í Skaftárhreppi og Kötlu jarðvangs, eftir stofnun hans. Verkefnið hófst vorið 2010 með samstarfi um fræðslusýningar og upplýsingamiðlun í félagsheimilinu Kirkjuholi á Kirkjubæjarklaustri, þar sem lögð er áhersla á fræðslu um náttúru, sögu og menningu héraðsins. Fulltrúar ofangreindra stofnanna mynda verkefnisstjórn sem leiðir verkefnið. Að koma á sameiginlegri gestastofu var mikilvægt skref í að samræma upplýsingamiðlun þessara aðila og hagræða og spara fé á þessu sviði. Frá árinu 2014 hefur Vatnajökulspjóðgarður borið ábyrgð á rekstri Skaftárstofu í samstarfi við Skaftárhrepp og ofangreinda aðila.

Uppbygging á ferðamannastöðum í Skaftárhreppi

Kirkjubæjarstofa er aðili að framkvæmdahópi um uppbyggingu á ferðamannastöðum í Skaftárhreppi. Framkvæmdahópurinn er skipaður fulltrúum frá umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps, Friði og frumkröftum – hagsmunafélagi atvinnulífs í Skaftárhreppi, Kirkjubæjarstofu, Vatnajökulspjóðgarði, Ferðafélagi Skaftárhrepps og Kötlu jarðvangi. Framkvæmdahópurinn hefur sótt um styrki til skipulagsmála og framkvæmda á ferðamannastöðum s.s. til öryggismála, stígagerðar, áningarstaða og salernisaðstöðu, m.a. við Fjaðrárgljúfur sem er mjög fjölsóttur ferðamannastaður.

Brunasandur – mótun lands og samfélags 1783-2014

Kirkjubæjarstofa er aðili að rannsóknarverkefni átta vísindamanna sem flestir tengjast svæðinu og hafa rannsakað sögu Brunasands sem byggðist upp eftir Skaftárelda 1783 og er því yngsta sveit á Íslandi. Haldin var fjölsótt ráðstefna um verkefnið í Þjóðminjasafninu 11. apríl 2015 og einnig r útgáfuhátíð á Kirkjubæjarklaustri í desember 2015 í tilefni af útkomu bókar um niðurstöður verkefnisins.

Gönguleiðaverkefni

Sumarið 2012 gaf Kirkjubæjarstofa út handbókina *Gönguleiðir á Kirkjubæjarklaustri og nágrenni* í samvinnu við Ferðamálafélag Skaftárhrepps og Lilju Magnúsdóttur kennara sem er höfundur og ritstjóri bókarinnar. Handbókin er afrakstur samstarfs við Ferðamálafélag Skaftárhrepps um kortlagningu og merkingu gönguleiða á svæðinu frá árinu 2000. Handbókin kom út í enskri þýðingu sumarið 2013.

Kirkjubæjarstofa. Þekkingarsetur á Klaustri

Sigur lífsins

Kirkjubæjarstofa stendur fyrir fjölbreyttri fræðslu- og menningardagskrá á Kirkjubæjar-klaustri sem haldin er árlega um páska, í samstarfi við sóknarprest, sóknarnefnd Prestsbakkasóknar og Frið og frumkrafta – hagsmunafélag atvinnulífs í Skaftárhreppi. Fléttað er saman fræðslu um margvísleg málefni sem tengjast sögu og menningu svæðisins, útivist á söguslóðum og helgihaldi páskahátíðarinnar.

Háskólafélag Suðurlands – Katla Jarðvangur

Kirkjubæjarstofa var skilgreind sem einn af kjarnastöðum í verkefni Háskólafélags Suðurlands sem nefndist *Net þekkingar frá Markarfljóti að Skeiðarársandi*. Innan þess verkefnis var meðal annars unnið að eflingu á háskólatengdri starfsemi, neti jarðfræðitengdrar ferðaþjónustu, nýrri jarðeldasýningu og síðast en ekki síst stofnun jarðminjagarðs (Geopark) á austanverðu Suðurlandi. Í framhaldinu var Katla jarðvangur stofnaður haustið 2010 og fékk inngöngu í bæði Evrópusamtök og UNESCO heimsamtök jarðvanga í september 2011. Í nóvember 2015 fór Katla jarðvangur á Heimsminjaskrá sem UNESCO Glopal Geoparks. Kirkjubæjarstofa og Skaftárhreppur tilnefna sameiginlega fulltrúa í stjórn jarðvangsins og starfsstöð Kötlu jarðvangs í Skaftárhreppi er á Kirkjubæjarstofu.

Eldmessan

Kirkjubæjarstofa tók þátt í gerð stuttmyndar um Skaftárelda og séra Jón Steingrímsson sem unnin var af félaginu Skaftáreldar ehf. Kvikmyndin er nú hluti af sýningu Skaftárstofu í félagsheimilinu Kirkjuholi á Kirkjubæjarklaustri. Um er að ræða u.p.b. 15 mínútna margmiðlunarmynd sem fyrirtækið Gagarín annaðist vinnslu á.

Vatnajökulspjóðgarður

Kirkjubæjarstofa hefur komið með margvíslegum hætti að umræðu og undirbúningi þjóðgarðsmála á undanförunum árum. Meðal annars gegnum eftirfarandi þætti og rannsóknir:

- Miðlun upplýsinga og fræðslu um Skaftafellspjóðgarð og Lakagíga.
- Vatnajökulspjóðgarður: náttúruvernd og atvinnulíf grannbyggða, 2001-2002.
- Umsjón með gerð deiliskipulags fyrir þann hluta Skaftafellspjóðgarðs (nú Vatnajökulspjóðgarðs) sem er innan marka Skaftárhrepps, 2006.
- Aðild að rannsóknarverkefninu „Vatnajökulspjóðgarður og aðliggjandi byggðir; náttúruvernd í sátt við heimamenn“.
- Vatnajökulspjóðgarður- áhrif á samfélag og umhverfi, rannsóknarverkefni 2008-2010.
- Vinna að verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, í samstarfi við Háskólasetrið á Hornafirði, 2008-2010

Friður og Frumkraftar - samstarf í ferðaþjónustu

Kirkjubæjarstofa hefur lagt sitt af mörkum við uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu í Skaftárhreppi meðal annars með verkefnum:

- Þróun rannsókna og ferðaþjónustu í Skaftárhreppi, 1997-1999.
- Skoðanakönnun/viðhorfskönnun um áhuga ferðamanna á kynningu á náttúru og sögu héraðsins, 2005.
- Mörkun Skaftárhrepps (branding) klasaverkefni ferðaþjónustuaðila í Skaftárhreppi, 2008.

Kirkjubæjarstofa tók þátt í stofnun klasaverkefnis í Skaftárhreppi árið 2009, með áherslu á sjálfbæra og menningartengda ferðaþjónustu. Verkefnið snýst um að markaðssetja Skaftárhrepp undir kjörorðinu *Friður og frumkraftar* og er þar vísað til hinnar fjölbreyttu og stórbrotnu náttúru svæðisins með óröskuðum víðernum á hálendinu. Kirkjubæjarstofa hefur einnig með beinum eða óbeinum hætti tengst upplýsingamiðstöð ferðamanna á Kirkjubæjarklaustri um árabíl og er áhrifavaldur um þróun og uppbyggingu hennar.

Fornleifarannsóknir

Á Kirkjubæ stóð frá 1186 til 1554 annað tveggja nunnuklaustra á Íslandi. Árið 1995 hófust rannsóknir á rústasvæðinu á Kirkjubæjarklaustri með það að markmiði að staðsetja klaustrið. Árin 2002-2006 fóru fram yfirgripsmiklar fornleifarannsóknir, þar sem grafnar voru fram minjar klausturhúsanna. Rannsóknunum, sem Kristnihátíðarstjóður styrkti, telst nú lokið. Fornleifafræðistofan hafði umsjón með rannsóknunum í samstarfi við Kirkjubæjarstofu.

Fornleifagarður

Undirbúningur að „fornleifagarði“ á Kirkjubæjarklaustri (vinnuheiti) er verkefni sem lýtur að gerð eftirlíkingar af útlínum bygginga nunnuklaustursins á Kirkjubæ. Unnið hefur verið deiliskipulag að svæðinu umhverfis Minningarkapellu séra Jóns Steingrímssonar og fornleifasvæðið. Markmið skipulagsins er meðal annars að útbúa áningarstað með fræðslu um nunnuklaustrið á Kirkjubæjarklaustri og bæta umhverfi og aðstöðu fyrir gesti kapellunnar og ferðamenn auk þess að tryggja gott aðgengi og auka virðingu fyrir menningarminjum.

Landupplýsingakerfið Arfur

Árið 2000 hófst vinna við uppbyggingu gagnabanka í formi landfræðilegs upplýsingakerfis, byggðum á stafrænum loftmyndum. Helstu verkefni unnin með þeim aðferðum hafa verið markviss örnefnasöfnun og söfnun upplýsinga sem nýtast við aðalskipulag sveitarfélagsins og aðrar áætlanir í landnýtingu og einnig – og ekki síst – til rannsókna á náttúrufari, menningu og sögu svæðisins. Þessi vinna hefur einnig gagnast við gerð verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð og ýmis verkefni svo sem Núpsstaðarverkefni og í vinnu fyrir Óbyggðanefnd.

Verkefnið Örnefnaarfur – rafræn skráning

Verkefnið byggir á landupplýsingakerfinu Arfi og nýtir myndkort frá Loftmyndum ehf. sem til voru í gagnasafni Kirkjubæjarstofu og geyma örnefni úr gamla Hörgslandshreppi.

Kirkjubæjarstofa. Þekkingarsetur á Klaustri

Örnefni voru upphaflega skráð á árunum 2000-2001 en ekki var til fjármagn til að ljúka verkefninu þá. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Vinir Vatnajökuls veittu styrki til verkefnis 2013. Nýr áfangi þessa stóra verkefnis í Skaftárhreppi er nú hafinn með styrk af safnliðum umhverfis- og auðlindaráðuneytis 2014 og 2015 og nefnist verkefnið; Þjóðleiðir, fornar götur og örnefni í Skaftárhreppi – rafræn skráning/hnitsetning. Verkefnastjóri í hlutastarfi við verkefnið er Vera Roth jarðfræðingur.

Núpsstaður

Verndun búsetu- og náttúruminja á Núpsstað í Fljótshverfi hefur verið í undirbúningi í mörg ár, meðal annars hjá Þjóðminjasafni Íslands. Kirkjubæjarstofa annaðist skráningu örnefna, munnlegra heimilda og fornleifa á jörðinni í tengslum við þessa vinnu á árunum 2000-2002.

NEST verkefnið

Kirkjubæjarstofa, ásamt Háskólasetrinu á Hornafirði, tók þátt í verkefninu NEST/NPP - Northern Environment for Sustainable Tourism - Þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu á norðurslóðum á árunum 2005-2007. Erlendir samstarfsaðilar voru frá Skotlandi, Svíþjóð og Finnlandi.

NEED verkefnið

Kirkjubæjarstofa var þátttakandi í þessu viðamikla verkefni sem stóð yfir árin 2008-2010, meðal annars í samstarfi við Háskólasetrið á Hornafirði. NEED er skammstöfun fyrir verkefnið Northern Environmental Education Development project sem á íslensku mætti þýða sem Uppbygging náttúruskóla og umhverfismenntar á norðurslóðum. NEED er fjölþjóðlegt samstarfsverkefni Íslendinga, Finna, Norðmanna og Íra. Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (Northern Periphery Programme 2007-2013) er aðalstyrktaraðili þess.

Gerð fræðslustígs við Kirkjubæjarklaustur, með fræðslu um náttúru og sögu svæðisins, er afurð frá NEED verkefninu. Katla jarðvangur sá um framkvæmd verkefnisins í samráði við Kirkjubæjarstofu. Gerð fræðslustígsins lauk vorið 2014 og hefur hann fengið nafnið *Klausturstígur*.

Forn byggð á Síðuheiðum

Kirkjubæjarstofa hefur frá árinu 2007 verið stuðningsaðili fornleifafræðinga sem unnið hafa að skráningu á fornminjum á Síðuheiðum í Skaftárhreppi og forrannsóknnum á áhugaverðum minjastöðum frá landnámsöld.

Samtök safna á Suðurlandi – Safnahelgi á Suðurlandi

Kirkjubæjarstofa er þátttakandi í víðtæku samstarfi rúmlega 60 safna, setra og sýninga á Suðurlandi sem meðal annars felst í skipulagningu á árlegri dagskrá um Safnahelgi á Suðurlandi.

Uppskeru- og þakkarhátíð Skaftárhrepps

Kirkjubæjarstofa starfar með menningarmálanefnd Skaftárhrepps að undirbúningi og skipulagningu á Uppskeruhátíð Skaftárhrepps sem árlega er haldin að hausti í lok október.

Samtök um söguferðþjónustu

Kirkjubæjarstofa er þátttakandi í samtökunum, með áherslu á fornleifarannsóknir og sögu nunnuklaustursins á Kirkjubæ. Samtökin standa fyrir kraftmiklu kynningarstarfi í formi bæklingaútgáfu, vefsíðunnar www.soguslodir.is og á ýmsan annan hátt.

Ráðstefnur, málþing og fræðsludagskrár

Kirkjubæjarstofa hefur, í samstarfi við fjölmarga aðila, staðið fyrir ráðstefnum, málþingum og ýmiskonar menningar- og fræðsludagskrám og öðrum viðburðum á undanförunum árum. Hér eru helstu viðburðir tilgreindir:

- 1997: Náttúrufar og lífríki Skaftárhrepps – ráðstefna.
- 1997: Fræðslufundur með vísindamönnum um yfirvofandi Skaftárhlaup.
- 1998: Leynardómar Vatnajökuls- fræðsluerindi og myndasýning.
- 1998: Eldgos í vestanverðum Vatnajökli og afleiðingar þeirra – ráðstefna.
- 1999: Af klastrum og kennimönnum í Skaftárþingi – ráðstefna.
- 2000: Eldgos í Mýrdalsjökli og afleiðingar þeirra – ráðstefna.
- 2001: Vatnajökulspjóðgarður. Sambúð þjóðgarðs og nágrennis – ráðstefna.
- 2002: Baráttan við náttúruöflin – ráðstefna.
- 2003: Landkostir Skaftárhrepps – ráðstefna.
- 2004: Verðmæti vatns – málþing.
- 2005: Klaustrið í Kirkjubæ – málþing um nunnuklaustrið á Kirkjubæjarklaustri.
- 2006: Eldmessan – málþing um Skaftárelða og sr. Jón Steingrímsson.
- 2007: Kirkjubæjarstofa – fræðasetur á sviði náttúru, sögu og menningar. Tíu ára afmælisráðstefna.
- 2007: Skipulag Skaftafellspjóðgarðs (nú Vatnajökulspjóðgarðs) á Lakagígasvæði í Skaftárhreppi; ráðstefna um skipulag fyrir Lakasvæðið.
- 2008-2009: Vatnajökulspjóðgarður – landslagið og fólkið; myndrænir fræðslufundir um land og mannlíf umhverfis Vatnajökul.
- 2013: Eldmessuganga og fræðsludagskrá á Kirkjubæjarklaustri til að minnst Eldmessu sr. Jóns Steingrímssonar eldklerks fyrir 230 árum, þann 20. júlí 1783.
- 2004-2015 : Sigur lífsins – á slóðum Skaftárelða; árleg menningar- og fræðsludagskrá á páskum, tileinkuð sr. Jóni Steingrímssyni eldklerki.
- 2015: Ársfundur Kirkjubæjarstofu með áherslu á eflingu mennta- og menningarstofnana.
- 2016: Ársfundur Kirkjubæjarstofu með áherslu á byggðamál í Skaftárhreppi.

Kirkjubæjarstofa. Þekkingarsetur á Klaustri

Sýningar

Á sama hátt hefur Kirkjubæjarstofa staðið fyrir uppsetningu margra sýninga og tekið þátt samstarfi, meðal annars:

- Eyðing og uppgræðsla, 1997.
- Líf í náttúrunni – nemendasýning frá Kirkjubæjarskóla, 1997-1998.
- Skaftáreldar og eldgos undir Vatnajökli, 1998-1999.
- Nunnuklaustrið á Kirkjubæ – fornleifarannsóknir, 2000.
- Skaftáreldar – Eldfjall – maður – náttúra, 2001.
- Erró – málverkasýning, 2002.
- Á slóðum Skaftárelda. Eldfjall – maður – náttúra, 2003-2009.
- Sagan í sandinum - Klaustrið á Kirkjubæ, 2003-2009.
- Sagan í sandinum – Klaustrið á Kirkjubæ, margmiðlunarsýning frá 2010.
- Skaftárstofa – fræðslusýning um náttúru, sögu og menningu héraðsins í félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri, frá 2010.
- Á slóðum Skaftárelda – útiljósmyndasýning á Kirkjubæjarklaustri, í tilefni þess að þann 8. júní 2013 voru 230 ár liðin frá upphafi Skaftárelda.
- Myndlistarsýningin „Bíddu/Wait“ með Ólöfu Rún Benediktsdóttir listamanni Uppskeruhátíðar Skaftárhrepps 2015.

Fræðsla og menningarefni – útgáfa

Kirkjubæjarstofa sinnir margvíslegum þáttum fræðslustarfs og kemur að útgáfu á ýmsu efni, m.a.:

- Handbókin „Gönguleiðir á Kirkjubæjarklaustri og nágrenni.“
- Bókin „Af klaustrum og kennimönnum“ frá Dynskógaútgáfunni.
- Verkefnaskýrslur.
- Fréttabréf.
- Sýningarskrár og bæklingar.
- Stofuþættir: smárit með fræðsluefni.
- Póstkort.
- Bæklingurinn „Klausturstígur“ í samstarfi við Kötlu jarðvang.
- Bókin „Brunasandur – Mótun lands og samfélags í yngstu sveit á Íslandi“ frá Dynskógaútgáfunni.
- Skýrsla Veru Roth „ Fornar ferðaleiðir í Skaftárhreppi um aldamótin 1900“.

Önnur verkefni

Þá eru loks ótalin ýmis önnur verkefni sem Kirkjubæjarstofa hefur sinnt gegnum tíðina, svo sem:

- Undirbúningur og móttaka ráðstefnugesta á alþjóðlegri ráðstefnu um landrof og eyðimerkurmyndun á Kirkjubæjarklaustri 1997.
- Aðstoð við innlenda og erlenda vísindamenn við ýmis rannsóknarstörf frá 1997.
- Móttaka og margvísleg aðstoð við nemendur í háskólanámi frá 1997.

Kirkjubæjarstofa. Þekkingarsetur á Klaustri

- Samskipti og samstarf við ferðaþjónustuaðila á svæðinu frá 1997.
- Samstarfsverkefni um menningartengda ferðaþjónustu við ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu og Sögusetrið á Hvolsvelli 1998-1999.
- Miðlun upplýsinga fyrir Skaftafellspjóðgarð, 2006.

Rekstur

Rekstur Kirkjubæjarstofu hefur ekki verið ýkja fjárfrekur eða umfangsmikill gegnum tíðina. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2015 voru tekjur stofnunarinnar 8.925.345 kr. Það ár og gjöld 9.619.392 kr. Félagið er skuldlítið en á hlutabréf í Eldvilja ehf. upp á 4,0 millj. kr. og í Skaftáreldum ehf. upp á 400.000 kr.

Kirkjubæjarstofa fékk 7.450.000 kr. í styrki og framlög á árinu 2015, aðallega til sérstakra og afmarkaðra verkefna. Styrkirnir og framlögin voru eftirfarandi:

Ríkissjóður	2.700.000 kr.
Skaftárhreppur	1.000.000 kr.
SASS	1.250.000 kr.
Byggðastofnun	2.500.000 kr.

Helstu útgjaldaliðir Kirkjubæjarstofu á árinu 2015 voru:

Laun og launatengd gjöld	6.409.877 kr.
Annar rekstrarkostnaður	3.209.515 kr.

Stjórn

Í 6. grein skipulagsskrár Kirkjubæjarstofu segir um skipan stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar:

Stjórn stofunnar skal skipuð fimm einstaklingum. Tveir skulu skipaðir af sveitarstjórn Skaftárhrepps og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Skipunartímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar. Háskóli Íslands skal skipa einn fulltrúa til þriggja ára í senn. Tveir fulltrúar skulu kosnir af fullskipaðri stjórn, án tilnefningar, til þriggja ára í senn. Heimilt er stjórn að kjósa sama mann að nýju til setu í stjórninni, þó þannig að að hann sitji að hámarki tvö kjörtímabil eða sex ár samfleytt. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Í stjórn Kirkjubæjarstofu eru nú eftirtaldir aðal- og varamenn:

Eva Björk Harðardóttir, formaður
Varamaður: Bjarki V. Guðnason
Jóhannes Gissurarson
Varamaður: Sverrir Gíslason
Rannveig E. Bjarnadóttir
Varamaður: Sveinn H. Jensson
Ingólfur Hartvigsson
Varamaður: Jón Geir Ólafsson
Tómas Grétar Gunnarsson
Varamaður: Sæunn Stefánsdóttir

Kirkjubæjarstofa. Þekkingarsetur á Klaustri

Starfsfólk

Starfsfólk Kirkjubæjarstofu í október 2016 er eftirfarandi:

- Ólafía Jakobsdóttir forstöðumaður í 50% starfi.
- Vera Roth lausráðin verkefnastjóri, í hlutastarfi.
- Eirný Valsdóttir verkefnastjóri í 100% starfi
- Wojciech Jaroslaw Buda ræsting, hlutastarf.

Í gegnum tíðina hafa ýmsir starfsmenn verið verkefnaráðnir og hefur fjöldi þeirra verið breytilegur. Í verkefnum hjá Kirkjubæjarstofu hafa m.a. starfað viðskiptafræðingur, guðfræðingur, landfræðingur og LUK-sérfræðingur, landslagsarkitekt, jarðfræðingur, fornleifafræðingur, kennari og leiðsögumaður, ferðamálafræðingur og nemendur á framhalds- og háskólastigi.

Forstöðumenn Kirkjubæjarstofu frá upphafi hafa verið:

- Helga Guðmundsdóttir 1997-1998.
- Baldur Gautur Baldursson 1998-1999.
- Elín Erlingsdóttir 2000-2002.
- Ólafía Jakobsdóttir frá 2003.

Húsnæði

Stofnunin hefur aðsetur í gamla gistihúsinu á Klausturvegi 2, Kirkjubæjarklaustri. Húsið er tvær hæðir. Á efri hæð er skrifstofurými og þar eru með skrifstofuaðstöðu; Búnaðarsamband Suðurlands, Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins, Skaftárhreppur til framtíðar og Vatnajökulspjóðgarður. Á neðri hæð er skrifstofa Kirkjubæjarstofu, Friðar og frumkrafta og Kötlu jarðvangs, Náttúrustofu Suðausturlands, fjarnámsaðstaða Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi og geymslurými stofnana í húsinu.